

Fundargerð aðalfundar foreldrafélags grunn- og leikskólans í Vík 7. nóvember 2019

Mættir úr stjórn: Kolbrún Magga, Ólafur Ögmundsson, Hjördís Rut Jónsdóttir og Stefán Daníel, tengiliður við grunnskólann.

Aðrir mættir: 7 foreldrar

Hjördís Rut setti fundinn upp úr kl. 20 og stýrði honum.

Kolbrún Magga ritaði fundargerð á tölvu

1. Breyting á lögum félagsins

Hjördís las upp breytt lög félagsins, samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. Kosning í stjórn

Hjördís Rut, Kolbrún Magga og Ólafur gefa kost á sér áfram til eins árs. Kosnir tveir stjórnarmenn og tveir varamenn, tveir skoðunarmenn reikninga

Eva Dögg með flest atkvæði, þá Ingibjörg Lárusdóttir, og svo

Ingibjörg Matthíasdóttir varamaður og Ingvar Jóhannesson varamaður.

Ingibjörg Lárusdóttir baðst undan setu í stjórn og kemur Ingibjörg Matthíasdóttir því inn í hennar stað.

Næst á eftir: Guðrún Hildur, Ingvar, Lára, Æsa, Dagný og hlaut Ingvar flest atkvæði og Guðrún Hildur þar á eftir

Varamenn í stjórn eru því Ingvar Jóhannesson og Guðrún Hildur Kolbeins.

Skólaráð stendur óbreytt – kosið til tveggja ára: Bergný og Páll Tómasson

Áheyrnarfulltrúi foreldra í fræðslunefnd: Þorbjörg tekur sæti aðalmanns en hún var varamaður frá fyrra ári, varamaður kosinn í hennar stað: Ólafur Ögmundsson.

Skoðunarmenn reikninga – Carina og Victoria

3. Önnur mál

Ákveðið árgjald fyrir árið 1.500 kr. fyrir hvert barn – samþykkt samhljóða

Skólapeysur – samþykkt að fara í að auglýsa peysur og kanna kaup á þeim merktum með nafni og lógói skólans. Stjórn ákveður lit.

Jólaþemasíðdegi – halda uppteknum hætti, bæta við einhverju nýju eins og kertaskreytingum, jólabjöllum.

Foreldrafélagið – hugmyndir að fjáröflun fyrir félagið t.d. selja laufabrauðsjárn, hnífar sem eru hentugir fyrir laufabrauðsútskurð

Skólamaturinn – Foreldrar vilja sjá matinn gerðann meira frá grunni, ekki tilbúið úr pakka, forsteikt, sé að koma upp að ekki sé nógur matur. Börn þurfi að bíða eftir að mega fá meira, þar til aðrir bekkir séu búnir að koma og séu að koma svöng heim. Stjórn foreldrafélagsins sendi formlegt erindi á sveitarstjórn, krefjast úrbóta.

Anna Steinsen hjá KVAN – hugmynd að fá Önnu Steinsen frá KVAN til að koma og vera með fyrirlestur.

Umræða um þær íþróttir sem mögulega eru / verða í boði fyrir krakkana.

Fundi slitið kl. 21:15

Ólafur Ögmundsson

Kolbrún Magga Matthíasd.

Hjördís Rut Jónsdóttir